Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

9. tölublað — Þriðjudagur 28. febrúar 1978 — 7. árgangur — Verð kr. 80.-

Ert þú áskrifandi að viku-blaði verkafólks?

Ólögin skulu brotin á bak aftur og meira en það

Enn einu sinni hefur ríkisvald auðstéttarinnar sagt launafólki stríð á hendur. Sá er eini munurinn á þeirri árás sem það gerir nú og þeim sem það hefur gert áður, að reynt er að réttlæta þessa með því að um "neyðarráðstöfun sé að ræða til að hamla gegn verðbólgu og ráða bót á efnahagsvandanum". Og þessa "neyðarráðstöfun" sína framkvæmir ríkisvaldið, að venju og samkvæmt eðli sínu, með árás á kjör vinnandi alþýðu. Í þessari þokkalegu iðju sinni vílar það ekki fyrir sér að brjóta á bak aftur rétt manna til frjálsra samninga á vinnumarkaðnum. Atvinnurekendur og ríkisvald þeirra hika ekki við að svíkja gerða samninga, jafnvel þó slíkt sé talið lögbrot af öllum siðmenntuðum mönnum, þegar þeir sjá sér hag í því. Borgarastéttin semur nefnilega lögin fyrir sig og henni verður ekki skotaskuld úr því að annað hvort brjóta þau eða breyta þeim þegar henni henta þau ekki. Nýjasta dæmið um þetta eru auðvitað ólögin sem sett voru á um efnahagsmálin, en óteljandi slík mætti telja upp. Eitt nýtt á vel við að nefna og það eru ummæli gjaldeyrissvindlarans Jóns Sólness þegar hann varð uppvís að svindlinu. Hann sagðist einfaldlega vera á móti gjaldeyrislögunum og myndi greiða atkvæði gegn þeim ef hann fengi tækifæri til þess.

Þá vitum við það - við megum brjóta skattalögin ef við erum þeim andvíg og teljum þau röng. Nema hér gildi reglan um að það sem ekki leyfist Jóni það leyfist séra Jóni (Sólnes). Annað hvort er það, eða Jón Sólnes er hlynntur stjórnleysi.

Eftir að auðstéttin og ríkisvald hennar hefur brotið svo svínslega lögin um frjálsan samningsrétt, þá hrópar hún hástöfum og hótar þegar verkalýðshreyfingin ætlar sér að grípa til gagngerra ráðstafana til að vernda samningsbundinn rétt sinn. Þá hrópar lögbrjóturinn: "Lögbrot" og þjófurinn: "Stöðvið þjófinn".

En héðan í frá verður enginn til að stöðva framsókn verkalýðsins og annarrar vinnandi alþýðu sem ætlar sér að mylja í smátt ríkiskerfi auðvaldsþjóðfélagsins og byggja upp þjóðfélag sameignarinnar á atvinnutækjunum þar sem samvinnan fær notið sín. Þjóðfélag sósíalismans mun rísa af rústum þjóðfélags auðvalds, kúgunar og arðráns.

Hvernig ber að svara árásum ríkisvaldsins.

Ljóst er að tveggja daga allsherjarverkfall, jafnvel þó fjölmennt sé, getur hvorki náð til baka þeim kjörum sem efnahagsfrumvarp ríkisvaldsins stal, né leitt stéttabaráttu verkalýðsins til sigurs á neinn hátt. Ef árangur á að nást í baráttunni verða að koma til mun harðari og skipulegri aðgerðir. Í þeim má hvergi hvika og allt launafólk verður að líta í eigin barm og sjá til um hvað það geti af eigin rammleik lagt af mörkum. Ekki dugir nú, frekar en endranær að treysta á uppkeyptan verkalýðsaðalinn. Hann er hvort eð er klofinn ofan í rass í spurningunni um kosningarnar.

Verkalýðsforingjar Alþýðubandalagsins eru á móti ólögum ríkisvaldsins vegna þess að þeir ætla sér að fá þannig atkvæði og komast í ríkisstjórn.

Þetta lýsir sér best hjá þeim í því hversu vægt þeir vilja berjast gegn ólögunum. Í stað þess að hvetja til baráttu á grundvelli samtakamáttar fjöldans, er hafin sýndarbarátta þ.e. verkfall sem var mun máttminna en grundvöllur var fyrir. Og svo er hamrað á því að allt verði nú gott ef menn bara kjósi Alþýðubandalagið. Það sama má segja um verkalýðsforingja Alþýðuflokksins.

Verkalýðurinn á heimtingu á því að farið verði eftir samþykktum, ályktunum og yfirlýsingum sem gerðar hafa verið af þessum forystumönnum allra stærstu samtaka launafólks, um að verði hróflað við gerðum samningum um kaup og kjör muni því svarað með hörðustu aðgerðum sem verkalýðshreyfingin hefur yfir að ráða. Nú hefur heldur betur verið hróflað við kjarasamningunum eða öllu heldur hafa þeir verið þverbrotnir og sviknir. Og þá dugir heldur ekkert annað en allra hörðustu aðgerðir, sem sé vel skipulögð skæruverkföll. Þeim hefur verið beitt áður og alltaf með góðum árangri. Þetta tóku verkamenn t.d. upp hjá sér á sama tíma og yfirvinnubannið stóð yfir í fyrravor.

Það voru hafnarverkamenn sem þar riðu á vaðið og með það góðum árangri að auð-

Framhald á síðu 2.

Atvinnuleysi hótað í Eyjum

Nú hefur verið hótað að loka öllum frystihúsunum í Vestmannaeyjum "vegna lélegrar fjárhagsstöðu þeirra" að sögn eigendanna. Ef af þessari lokun yrði, mundu 600-700 manns verða atvinnulausir og enn fleiri fylgja á eftir, af þeim sem starfa við ýmis konar þjónustu við sjávarútveginn. Slíkt atvinnuleysi hefur í för með sér að fólk flyst burt, tekjur heimamanna minnka og um leið tekjur bæjarsjóðs og síðan minnkar bæjarvinna. Í stuttu máli sagt: allt atvinnulíf dregst stórlega saman. Já, svona er ástandið í þjóðfélaginu. Ef nokkrum kapítalistum þóknast að loka fyrirtækjum sínum af því að þeir telja sig ekki græða nóg á þeim, þá er atvinnuöryggið ekkert og lífsafkomu fjölda



fólks stefnt í voða.

Kyngdu og þegiðu.

Vegna þessa máls hafði Stéttabaráttan tal af Jóni Kjartanssyni formanni verkalýðsfélagsins í Vestmannaeyjum. Sagðist Jón hafa verið á fundi nýlega með atvinnurekendum, þar sem einnig mættu bæjarstjóri og bankastjóri. Hefði þar verið rakin raunasagan: Frystihúsin voru illa stæð gagnvart útibúi Útvegsbankans í Eyjum, sem er illa stætt gagnvart aðalbankanum í Reykjavík, sem var illa stæður gagnvart Seðlabankanum sem var illa stæður vegna.... ja, það skyldi þó ekki vera vegna skipulagsleysis og bruðls auðvaldsins?

Kvaðst Jón hafa spurt hvort verið væri að reyna að sýna og sanna að ef verkalýðshreyfingin samþykkti ekki nýjustu efnahagsráðstafanirnar möglunarlaust, þá yrði atvinnuleysi. Ekki vildu atvinnurekendur kannast við það, en reyndu að afla stuðnings við nýsamþykkt lög, sem fela í sér millifærslu á fé frá verkafólki yfir til atvinnurekenda, til að rétta við "bágborna" stöðu fyrirtækja. Kvaðst Jón hafa sagt þeim að þeir léituðu algerlega á röng mið ef þeir ætluðu að leita stuðnings hjá sér við þessi lög. Hann tæki þátt í samstarfi verkalýðshreyfingarinnar gegn lögunum og kæmi ekki til greina að hann styddi lög sem brytu samninga á verkafólki.

Til hvers eigendur ?

Þegar atvinnurekandi lokar fyrirtæki sínu vegna ónógs gróða, hvað á þá verkafólkið að gera? Sitja atvinnulaust? Eða væri kannski ráð að taka slík fyrirtæki í eigin hendur og

framhald á síðu 2



Reiðir námaverkamenn tóku skrifstofur Námaverkamannasambandsins í USA.

Verkfall kolanámumanna í USA

Allsherjarverkfall bandarískra kolanámumanna hefur nú staðið í ellefu vikur. Verkfall þetta hefur verið mjög hart. Námueigendur reyna að beita stjórn verkalýðssambandsins UMW fyrir sig til að brjóta á bak aftur verkfallið, því þeir hafa enn ekki þorað að beita lögum, þar sem samstaða er mikil meðal námaverkamanna um að hunsa þau. Forystu margra bandarískra verkalýðssambanda er mútað, ekki aðeins með bitlingum, heldur með beinum peningagjöfum. Formaður og ýmsir framámenn í UMW hafa gert ítrekaðar tilraunir til að semja, en orðið frá að falla vegna harðrar andstöðu verkamanna og aðildarfélaga. Mótmælastöður og kröfugöngur kallaði formaðurinn "lögleysu" af "óábyrgum aðilum". Sjálfur telst hann víst til þeirra sem taka ábyrga afstöðu til hagsmuna atvinnurekenda. En þótt stjórnin beiti sér gegn verkfallinu, er samstaða námaverkamanna mikil og harkan í baráttunni sömuleiðis. Tilraunir til verkfallsbrota hafa leitt til átaka sem kostað hafa mannslíf. Komið hefur til vopnaðra átaka og járnbrautarteinar verið sprengdir til að

Framhald á síðu 3.

LEIÐARI

Verkamaðurinn fær 8.800 kr. í verðlagsbætur - ráðherrann 40.000 kr.

Hin nýju þvingunarlög sem ríkisstjórnin hefur nú samþykkt, þýða fyrir launþega að laun þeirra eru skert um ein mánaðarlaun miðað við 35% verðbólgu á ári. Þessa staðreynd verða launþegar nú að íhuga. Er það þetta sem við ætlumst til af stjórnvöldum? Eigum við launþegar einir að bera allar byrðar aukins efnahagsvanda vegna stöðugt aukinnar verðbólgu?

Það hafa verið lagðar fram tillögur frá verkalýðshreyfingunni á síðasta ári, sem miðuðu að því að hægt væri að skapa svigrúm til kauphækkana án þess að auka verðbólguna. Fleiri en ein a leið væri hægt að fara svo að kaupmáttur héldist, án þess að tífalda verðbólguna eins og nú hefur verið gert. Margoft hefur verið bent á hvernig fyrirtæki sleppa við alla skatta og skyldur auk þess sem fjárfestingar eru ekki gerðar með hagsmuni heildarinnar fyrir augum. Þessari þróun verður að snúa við, fyrirtækin verða sjálf að bera hallan af óstjórn sinni og þeirri verðbólgu sem þau kynda undir.

En annað atriði frumvarpsins sem gerir ráð fyrir hálfum vísitölubótum, er grófast a aðförin að nýgerðum kjarasamningum. Ríkisstjórnin hefur reynt að breiða yfir þessa grófu kjaraskerðingu, með því að lægstu launin séu minnst skert. Þetta lítur kannski vel út á pappírnum en í reynd er þetta ekki svó. Samkvæmt nýju lögunum fær verkamaðurinn 8.800 kr. í verðlagsbætur, en lögingera ráð fyrir að ráðherran fái á sama tíma rúm 40.000. Þeir lægst launuðu bera því minnst úr býtum eins og áður, en ráðherrarnir hafa hugsað vel um sjálfa síg. Þeir fá meira en fjórfaldar verðlagsbætur miðað við verkamanninn. Þetta heitir í munni ráðherranna að allir taki á sig jafnar byrðar í baráttunni gegn verðbólgunni. Ef einhver hefur borið eitthvert traust til þeirra manna sem standa fyrir slíkum ráðstöfunum, hlýtur það að bresta þegar svona er staðið að málum.

Það sem er alvarlegast við þessi lög er að með þeim er ráðist á frjálsan samningsrétt verkalýðsfélaganna og samningsréttur félaganna í raun afnuminn í einni svipan. Það eru um sjö mánuðir síðan verkalýðsfélögin undirrituðu kjarasamning og þrír mánuðir síðan BSRB-gerði sína samninga. Ráðstafanir ríkisstjórnarinnar gera þessa samninga nú ómerka og þó áttu stjórnvöld stóran hlut að þessum samningum. Þeir gera því ekki aðeins samningana ómerka, heldur líka aðgerðir sínar, nokkurra mánaða gamlar. Þessar ráðstafanir heita bráðabirgðaráðstafanir og ef svo heldur áfram sem horfir ma því búast við enn nýjum aðgerðum í sömu átt eftir kosningar.

Gegn þessu verður verkalýðshreyfingin að snúast af fullri hörku og þá dugir ekki að halda sýningu í tvo daga. Það verður að skipuleggja hörðustu aðgerðir. Undansláttur ASÍ-toppanna hefur vissulega haft sljóvgandi áhrif á alla kjarabaráttu undanfarinna ára. Hin svo kallaða ábyrga verkalýðsforysta er ekki líkleg til stórræða í þeirri baráttu. Verkafólk er orðið langþreytt á undanslætti og stéttasamvinnu forystunnar. Verkföllusem ekki virðast hafaannan tilgang en að auglýsa forystuna munu ekki leiða til neinna sigra. Sigur vinnst aðeins með hörðustu aðgerðum, verkföllum, þar til kaupránslögin hafa verið dregin til baka. Verkafólk hefur engu að tapa í því stríði, en allt að vinna. Verkafólk, berjumst gegn afnámi frjálsra samninga verkalýðsfélaganna, sem eru grundvallar réttur verkalýðshreyfingarinnar.

Framhald af forsíðu

Ólögin skulu brotin...

stéttin varð að grípa til örþrifaráða til að stöðva það að þau breiddust út um allt. Og þá var nú gott fyrir borgarastéttina að eiga sér hauk í horni þar sem verkalýðsaðallinn var.

Allir sem eitthvað þekkja til starfshátta stéttasamvinnuforystunnar í verkalýðshreyfingunni vita að þegar hún setur fram kröfur þá eru þær til að slá svo og svo mikið af þeim við samningaborðið með atvinnurekendum. Þannig var það líka með þá lágu kröfu sem ASÍ-forystan setti fram um 100.000kr. að hún var að vonum langt frá því að nást fram þegar stéttasamvinnuforingjarnir stóðu fullnægðir upp frá samningaborðunum.

Þannig ganga þessir "leiðtogar" aftur á bak í baráttunni því nú er krafan orðin "samningana í gildi". Nú er ekki lengur rétt frá þeirra sjónarhól séð, að verkafólk fái sem svarar litlum lúsar 100.000kr miðað við 1. des. 1976 vísitöluna.

En markmið verkalýðshreyfingarinnar eru allt önnur en þau sem vinir borgarastéttarinnar setja. Verkalýðshreyfingin ætlar sér a.m.k. það að geta lifað mannsæmandi lífi af 8 stunda vinnudegi og hún tekur í engu mark á barlóm atvinnurekendanna. Ef þeir eru í svona óskaplega miklum vandræðum með fyrirtækin sín þá geta þeir hundskast út á vinnumarkaðinn og farið að vinna fyrir sér - svona til tilbreytingar. Nógir eru til að taka við og reka fyrirtækin.

Á meðan á baráttunni stendur verður verkafólk að krefjast þess að haldnir séu stöðugir fundir sem geri almennum félagsmönnum verkalýðssamtakanna kleyft að vera virkir og að þeir hafi tækifæri á að fylgjast grannt með sínum málum. Slíkt er frumskilyrði fyrir góðum árangri í stéttabaráttunni.

31. þing Fylkingarinnar

Kommúnistaflokkurinn hefur verið beðinn skýringar á því hvers vegna hann hafði mann á 31. þingi Fylkingarinnar.

Flokknum barst bréf frá Fylkingunni þann 17. feb., þar sem honum var boðið að senda einn áheyrnarfulltrúa á 31. þing FBK, sem haldið yrði þá um helgina. Sama konar bréf var sent til einhverra annara samtaka og til nokkura einstaklinga. Boði þessu fylgdu engin skilyrði og miðstjórn ákvað að taka því án nokkura skuldbindinga. Einn félagi Kommúnistaflokksins sat þingið og voru þar einnig ýmsir aðrir sem ekki eru í FBK.

Miðstjórn KFÍ/ml hefur enga ákvörðun tekið um hverjum, ef nokkrum, verði boðið að sitja næsta þing flokksins.

Framhald af forsíðu

ATVINNULEYSI HÓTAÐ Í EYJUM

halda rekstrinum áfram? Rekst urinn gæti orðið miklu hagkvæmari þannig. A.m.k. losnaði þá við þann afætulýð sem smyr sér laun og risnu án þess að gera handtak. Sumum finnst þetta full róttæk aðferð. Óframkvæmanleg er hún alla vega ekki og jafnvel þótt illa gengi í byrjun, þar sem þetta hefur ekki verið reynt hérlendis, þá sparkaði þetta allavega svo harkalega í auðvaldið að það hugsaði sig um tvisvar áður en þeir hótuðu næst.

Hin sanna lýðræðisást Norðurlandaráðs

framhald af baksíðu

yfirlýsingar danska ríkisins er þessar "breytingar" voru gerðar. Grænlendingar skyldu þar með teljast danskir ríkisborgarar með sömu "réttindum" og aðrir Danir. En hverjar eru staðreyndirnar í dag? Grænlendingar hafa lægri laun í eigin heimalandi, Grænlandi, en aðrir er þar vinna.

Grænlensk börn verða að byrja á að læra dönsku í barnaskólum, því hvorki eru til kennslugögn á grænlensku eða gerðar séu kröfur til þeirra kennara sem taka að sér kennslu í grænlenskum skólum að þeir tali grænlensku, þvert á móti. Þeir af kennurunum sem tala grænlensku, það eru þeir Grænlendingar sem hlotið hafa kennaramenntun, eru á lægra kaupi en samkennarar þeirra. Í dag eru grænlensk börn meira að segja flutt til Danmerkur, svo að þau geti lært dönsku á sem ódýrastan hátt. Þetta hefur þau áhrif að aðeins örfáir Grænlendingar halda áfram námi að loknu skyldunámi, og eru dæmdir sem "tossar" almennt séð af danska skólakerfinu. Af þeim örfáu er halda áfram námi, ljúka enn færri háskólanámi. Menning grænlendinga er fótum troðin, í "besta falli" er hún notuð sem sýningaratriði til að laða að ferðamenn, til dæmis í Kulusuk. Þar er þorpi haldið við í þeim tilgangi einum að sýna það ferðamönnum. Nokkurs konar dýragarður.

Nátturuauðlindir Grænlands eru seldar hæstbjóðanda og rennur gróðinn til auðhringa og danska ríkisins. Til dæmis fer nú fram vinnsla á kopar í fjallinu Svarta englinum, af kanadísku stórfyrirtæki. Kjörin eru, að það greiðir helminginn af gróðanum í skatt til danska ríkisins. Í byrjun þessa áratugs fór fram skipting á leyfum til olíuleitar við Grænland. Þar fengu aðilar eins og Shell og A. P. Möller, mesti auðmaður í Danmörku, úthlutað leitarsvæðum í hafinu kringum Grænland. Ekki var hugsað neitt um mengunarhættu í þessu tilfelli, þó svo að vitað er að ekki er hægt að vernda olíuborpallana gegn árekstrum við borgarísjaka. Ef til dæmis borgarísjaki rækist á borpall sem væri staðsettur yfir olíulind sem búið væri að bora niður á, þá yrði ógerningur að stöðva olíulekann. Það þarf ekki að fara í grafgötur um að það myndi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir lífríkið við Grænland -

óbyggilegt á stórum svæðum, kippa fótum undan þeirru einu sjálfstæðu atvinnugrein er grænlendingar hafa í dag, en það eru ýmisskonar veiðar. Fiskimiðin við Grænland hafa verið notuð afdanska auðvaldinu sem gjaldmiðill í sókn eftir betri viðskiptasamningum erlendis. Þannig mætti lengi telja upp dæmi um hina svívirðilegu kúgun danska auðvaldsins á grænlendingum.

Danskur almenningur er nú að vakna upp við vondan draum og taka því æ fleiri Danir undir kröfuna um sjálfsögð réttindi Grænlendingum til handa. Það er því ekki að undra þo danska auðvaldið vilji ekki að þessi mál séu rall rædd á þingi Norðurlandaráðs. Í þessu máli hefur eins og í mörgum öðrum, verið algjör einhugur með dönskum sósíaldemókrötum, með Anker Jörgensen í broddi fylkingar go danska íhaldinu. Vel að merkja var ekki Alþýðuflokksfélagið í Reykjavík að hrósa sér af því í afmæliskveðu, að þeir aðhylltust lýðræðisjafnaðarstefnuna (sósíaldemókratíuna) sem rekin er á Norðurlöndum? Jú. Megi það verða þeim til sóma og íslenskum almenningi til lærdóms.

Áskrifendur athugið!

Lausasala kr 80.-

Heilt ár eða 48 tölublöð	Baráttuáskrift	kr. 5.500.-
" " " "	Venjuleg áskrift	kr. 3.500.-
Hálft ár eða 24 tölublöð	" "	kr. 2.000.-
Erlendis, sent vikulega, 48 tbl.		kr. 7.000.-
Erlendis sent hálfsmánaðarlega (2 blöð í einu)		kr. 5.500.-
Til öryrkja og aldraðra, heilt ár		kr. 500.-

KÍM-fundur

Miðvikudaginn 22. febrúar var haldinn fundur á vegum KÍM á Hótel Esju. Fundurinn var haldinn í einum af minni sölunum á nefndu hóteli og reyndist hann alltof lítill fyrir þann fjölda sem nú sem endranær sótti fund hjá KÍM. Það hafði ekki reynst unnt að fá stærri sal þegar til átti að taka. En þrong mega sáttir sitja, go er kyrfilega hafði verið raðað í salinn hófst dagskráin. Að þessu sinni var kynning á ferð sendinefndar til Kína á vegum KÍM. Fyrst talaði Guðrún Ólagsdóotir um kínverska kommúnu, og þará eftir Anna Einarsdóttir um eftir Anna Einarsdóttir verslnarstúlka um daglegt líf í Kína. Að byggja á sjálfum sér, nefndi Bjarni Þórarinsson skólastjóri erindi sitt, og fjallaði það um hvernig kínverjar færa út stefnu Maó Tse-tungs, sem lagði áherslu á að kínverjar stæðu á eigin fótum og treystu ekki á hjálp erlendis frá. Zophonías Jónsson lýsti á lifandi hátt þeim mun sem var á lífi kínversks verkafólks fyrir 25 árum og nú, en hann var síðast í Kína fyrir 25 árum. Hjörleifur Sigurðsson sagði frá kínverskri alþýðulist, aðallega myndlist. Fundurinn endaði á lýsingu Kára Sigurbergssonar læknis á heilbrigðisástandinu í Kína. Skemmtilegar og fræðandi fundur, enda af nógu að taka þegar fjalla á um Kinverskt atvinnulíf og menningu.

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

● Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar. sími: 27810 og pósthólf 1357, 121R. einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð. Lindargötu 15. Opið mánud.-föstud 15-18,30

● Akureyri: Jón Atli Játvarðsson. Skarðshlíð 30.

● Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsd. Reykjavíkurvegi 24.

● Hornafjörður: Skúli Waldorff. Silfurbraut 2.

● Neskaupstaður: Messíana Tómasdóttir. Þiljuvöllum38.

● Snæfellsnes: Sigfús Almarsson. Hellisbraut 10 Hellissandi, og Gísli Hjaltason, pósthólf 63, Stykkishólmi.

● Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallagötu 40c, Keflavík.

● Vestmannaeyjar: Helga Jónsdóttir. Brekastíg 24 b, sími 98-1273

● Danmörk: Magnús Þorgrímsson. Börglum Kollegiet v.444 Börglumvej 2, 8240 Risskov.

● Svíþjóð: Kristján L. Guðlaugsson. Kämnärsvägen 11 N : 220. 22246 LUND

Lýðræðið í Verkalýðshreyfingunni

Dufþakur

Þegar þetta blað kemur ykkur fyrir sjónir, lesendur góðir, er skollið á tveggja sólarhringa allsherjarverkfall ASÍ, BSRB, BHM og Far- og fiskimannasambandsins -já, gott ef það verður ekki afstaðið. Í slíkum aðgerðum kemur berlega í ljós, hversu verkalýðshreyfingin er öflug, þegar hún beitir sínu sterkasta vopni. Þegar allt kemur til alls er verkalýðsstéttin - og reyndar öll vinnandi alþýða - það afl, sem getur ráðið úrslitum, ef hún bara beitir samtakamætti sínum til hins ítrasta.

Því er nauðsynlegt, að verkalýðshreyfingin og hin einstöku stéttarfélög, séu sem máttugust og virkust. Til þess að treysta innviði stéttarfélaganna og gera þau að raunverulegum baráttutækjum þarf að byggja þau upp á sem lýðræðislegustum grundvelli. Slíkt lýðræði gerir ráð fyrir sameiginlegri ákvarðanatöku og þáttöku allra félagsmanna. Þetta á jafnt við um kjaramál sem og félagsmál almennt.

Þá erum við einmitt komin að kjarna málsins. Er þetta lýðræði fyrir hendi innan verkalýðshreyfingarinnar ? Það verður að segjast eins og er, að það fer ansi lítið fyrir slíku lýðræði innan verkalýðshreyfingarinnar. Allar mikilvægar ákvarðanir eru að mestu leyti teknar af verkalýðsforkólfunum og þátttaka almennra félagsmanna í kjaradeilum og verkfallsaðgerðum er mjög af skornum skammti. Samningsvaldið er í reynd t.a.m. að mestu í höndum ASÍ- forystunnar, sem fer með umboð fyrir hönd verkalýðshreyfingarinnar í heild í kjaradeilum, og þetta samningsvald hefur ASÍ - forystan jafnvel tekið sér að verkalýðsfélögunum forspurðum. Verkalýðs foringjarnir ákvarða stefnuna og síðan á fjöldinn að fylgja þegjandi á eftir.

Hinum almenna félagsmanni finnst hann hafa lítið að segja í sambandi við starf og stefnu síns stéttarfélags. Þetta hefur eðlilega haft þær afleiðingar, að fundir eru illa sóttir, þá sjaldan þeir eru haldnir. Það er staðreynd, að margir eldri verkamenn, sem voru mjög virkir í sínum verkalýðsfélögum hér áður fyrr, eru fyrir löngu búnir að gefa alla verkalýðsbaráttu uppá bátinn, vegna þess hversu verkalýðshreyfingin er máttlítil.

Ákvörðunin í sambandi við allsherjarverkfallið 1. og 2. mars er engin undantekning frá þessu. Hún var tekin af forystumönnum verkalýðshreyfingarinnar. Á meðan biðu menn bara spenntir eftir því, hvaða ákvörðun foringjarnir tækju, til að berjast gegn þeim ólögum, sem ríkisvaldið hefur nú sett. Hinn almenni launþegi á síðan að hlýða kalli foringja sinna.

Nú má ekki skilja þetta á þann veg að verið sé að andmæla þessum aðgerðum. Síður en svo. Þær eru bráðnauðsynlegar og réttlætanlegar með öllu. Spurningin er bara: Var leitað álits hins almenna félagsmanns

Um nauðsyn þess að efla og styrkja verkalýðshreyfinguna efast enginn. En til að unnt sé að verkalýðshreyfingin sé öflugt og máttugt baráttutæki þarf að efla lýðræðið innan hennar. Lýðræðið getur því aðeins þrifist, að ákvarðanatektin sé sameign allra félagsmanna. Og í þessu sambandi verður ævinlega að hafa það hugfast, að vinnustaðirnir eru grunneiningar.

Framhald af forsíðu

VERKFALL KOLANÁMUMANNA Í USA

stöðva kolaflutninga. Í Alabama beitti lögreglan táragasi gegn verkfallsmönnum. Tveir lögreglubílar voru þá eyðilagðir og 28 námuverkamenn voru handteknir. Víðar hafa átt sér stað handtökur og réttarhöld yfir verkfallsmönnum. Það getur haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir bandaríska verkamenn að vera handteknir í verkfalli. Verkföll í Bandaríkjunum eru mörg og oft löng Þegar verkfalli lýkur eru oftast þó nokkrir sem ekki fá að snúa aftur til sinnar fyrri vinnu og fá ekki heldur vinnu í nágrenninu. Þeir sem eru handteknir sleppa stundum með sektir, en eru líka oft dæmdir í fangelsi, jafnvel í nokkur ár. Þrátt fyrir þær alvarlegu afleiðingar sem virkni í verkalýðsbaráttu getur haft í för með sér, eru bæði þátttaka og virkni mikil.

Stjórn UMW setti nýlega fram tillögu að samkomulagi, sem hlaut mjög slæmar undirtektir Í því felst m.a. að námumenn afsali sér verkfallsrétti og ýmis fleiri ákvæði skerða mjög rétt verkamanna, eða eins og einn þeirra sagði: "Það vantar ekkert í þennan samning nema keðju með kúlu handa kolanámumönnum." 52 af 53 aðildarfélögum UMW í Ohio og W-Virginia, hafa hvatt stjórnina til að falla frá tilboðinu. En öllum þessum mótmælum svarar formaður sambandsins með því að hóta að fara til Carters forseta og biðja hann að beita Taft-Hartley lögunum, sem heimila forsetanum að þvinga verkamenn til vinnu í 80 daga. Lögum þessum hefur enn ekki verið beitt af ótta við að þau verði gagnslaus. Því eins og námumenn segja: "Við látum ekki þvinga okkur til að snúa aftur til vinnu. Ef við vinnum ekki kolin, hver á þá að gera það? Það er verkalýðurinn sem vinnur kolin. Eigendurnir geta ekki unnið kol og ríkisstjórnin kann ekki að vinna kol Ríkisstjórnin er kannski hæf til að tína hnetur, en þeir geta ekki unnið nein kol."

Stéttasamvinnan er rótgróin í Alþýðubandalaginu

framhald af baksíðu

sósíalismanum og kommúnismanum. Þetta tímabil hefur verið blómaskeið auðvaldsins og barátta verkalýðsins hefur að vonum verið ómarkviss og staðið höllum fæti.

En nú hefur barátta hans getið af sér nýjan kommúnistaflokk sem er að rétta við fánann rauða sem var felldur af endurskoðunarsinnunum sem gengu af gamla KFÍ dauðum. Það er og hefur verið erfitt verk og mikil stormasöm barátta að endurreisa kommúnistaflokkinn, mörg feilspor hafa verið stigin og átök farið fram við það að rata aftur rétta leið en slíkt er auðvitað eðlilegt og nauðsynlegt til að herða flokkinn.

Leifarnar af rústum gamla KFÍ er að finna í Alþýðubandalaginu í dag. Þar eru gömlu kommúnistarnir annað hvort orðnir forpokaðir endurskoðunarsinnar og stéttasamvinnupáfar eða þá að þeir eru áhrifalitlir og til lítils annars en að gefa Alþýðubandalaginu sögulega róttækan blæ.

Alþýðubandalaginu stjórna menn sem hafa sýnt sig í því að vera reiðubúnir að selja hagsmuni alþýðunnar fyrir sína einkahagsmuni og sína aðild að þeim kjötkötlum sem grundvallast af vinnu verkafólks. Alþýðubandalagið hefur í dag svipaða aðstöðu bæði í pólitískum og faglegum skilningi eins og Alþýðuflokkurinn hafði í upphafi kreppuáranna 1930. Það ár var gamli KFÍ stofnaður og í dag stendur í hans sporum Kommúnistaflokkur Íslands ML (áður KS ML).

Alþýðubandalagið er þátttakandi í samtryggingarkerfi þingflokkanna, sem myndað er til verndar stéttasamvinnumönnum í forystu verkalýðsfélaganna. (Takið eftir því að AB-menn bjóða t.d. aldrei fram gegn Sjálfstæðismönnum sem eru í forystustöðum í verkalýðshreyfingunni).

Forystumenn AB eru nú reiðubúnir til þess að mynda ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum falli atkvæðin í þá áttina. Um þetta mál kom upp innan AB barátta, bæði á Landsfundi AB og á verkalýðsmálaráðstefnu AB. Þar voru það almennir AB-menn sem vildu fá það hreint út og samþykkt af flokksstjórninni að hún færi ekki í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum né öðrum verkalýðsfjandmönnum.

Þessir almennu AB-menn fengu í engu sínum málum framgengt heldur voru kveðnir í kútinn af allsráðandi flokkstjórn sem mun hafa með þetta mál að gera, á sínum tíma. Rétt eins og öll önnur.

Það skyldi engan undra þó AB og SF gengju í eina sæng og mynduðu ríkisstjórn saman slíkt og þvílíkt hefur nú gerst áður. Nýsköpunarstjórnin sem forveri AB, Sósíalistaflokkurinn, tók þátt í ásamt Sjálfstæðisflokknum og Alþýðuflokknum, gerði sér lítið fyrir og falsaði hagfræðina til þess að blekkja verkalýðinn og réttlæta stéttasamvinnuna.

Sú fölsun sem viðgekkst þá og kom "sósíalistum" inn í ríkisstjórn, viðgengst enn og hefur auk þess magnast frá tíð Sósíalistaflokksins og til AB. Skrefið hefur verið stórt sem tekið hefur verið frá gamla Kommúnistaflokknum yfir í AB, í pólitískum skilningi. Frá því að vera byltingarsinnaður forystuflokkur verkalýðsins til þess að vera borgaralegur sósíaldemokrataflokkur. Frá því að fylgja línu fjöldabaráttunnar til þess að leggja nú höfuðáherslu á atkvæðasöfnun til að komast inn á borgaralegu þingræðissamkunduna.

Frá því að vera einarður baráttuflokkur fyrir stéttlausu þjóðfélagi kommúnismans, að því að viðurkenna tilverurétt auðvaldsþjóðfélagsins, tilveru arðræningja og arðrændra sem sjálfsagðan og eðlilegan hlut. Í tilefni þess má birta hér þá hagfræðilegu fölsun á einu af grundvallaratriðum marxismans sem gerð var til að réttlæta samvinnu Sósíalistaflokksins við Sjálfstæðisflokkinn, í Nýsköpunarstjórninni. Þar er því haldið fram að þjóðfélag geti ekki verið til án upphleðslu fjármagns og vænlegasta leiðin sé samstarf þeirra sem eiga fjármagnið og þeirra sem eiga vinnuaflið. Þessu var haldið fram þá eða réttara sagt 5. des.1944 , árið sem Nýsköpunarstjórnin var mynduð. En þessi hagfræðifölsun er einnig meginuppistaðan í "Íslenskri atvinnustefnu" AB.

Hagfræðifölsunina sem gerð var meðvitað af enduskoðunarsinnum er hægt að finna í bók Sigfúsar Sigurhjartarsonar varaformanns Sósíalistaflokksins "Sigurbraut fólksins".

Þar er birt ræða sem Sigfús hélt áðurnefndan 5. des. í útvarpið og ber ræðan yfirskriftina "Samningur stéttanna"

Þar segir: "sérhvert starf, sem innt er af hendi í þjóðfélaginu, krefst samstarfs vinnuafls annars vegar og fjármagns hins vegar, hvorugt getur án hins verið".

Já takk, "sósíalistinn" segir að verkafólkið geti ekki verið án auðherrans.

Enver Hoxha

Framhald af baksíðu

Um söguburð

ar til smaborgaralegra aðferða "söguburðarins", er aldrei fært um að draga saman raunsanna skilgreiningu á pólitíska ástandinu með því að skilgreina raunverulegar staðreyndir á hlutstæðan hátt. Sú aðferð, að byggja starfsemi á grundvelli "orðróms" getur ekki verið aðferð traustra pólitískra skilgreininga. Við getum sagt það, án þess að hætta sé á að við verðum misskilin, að þeir sem nota aðferð "söguburðarins" eru annaðhvort tækifærissinnar, smjaðrarar, sértrúarsinnar eða íhaldsmenn.

Til viðbótar því sem ég hef nú sagt: orðrómur veldur deilum, þjarki gremju og jafnvel morðum. Hann veldur vandræðum í þjóðfélaginu, sem er í hugmyndafræðilegu og pólitísku jafnvægi. En einnig er hann hluti stéttabaráttunnar, þar sem hin valdalausa borgarastétt notar hann til þess að leggja hindranir í veg fyrir alræði öreiganna, til þess að veikja siðferðisstyrk hinnar traustu þjóðar, jafnvel í nánustu málefnum þeirra. Það verður að vera ljóst , að aðferð sem er svo afturhaldssöm að eðli og innihaldi, er í öllum tilfellum ætlað fyrst og fremst, að koma á óorði, og skilja frá þá sem berjast miskunnarlausri baráttu gegn "orðrómi og söguburði".

Miskunnarlaus barátta gegn "orðrómi og söguburði" í hugmyndum borgaranna og smáborgaranna og þar sem þetta kemur fyrir, felur ekki í sér að við eigum að þagga niður staðfest mistök á neinu sviði, hvort sem þau eru pólitísk, hugmyndafræðileg, siðfræðileg eða skipulagsleg. Þvert á móti þau ber að gagnrýna á traustum grundvelli, af sterkri áherslu, opinskátt, augliti til auglitis eða frammi fyrir heildinni þegar það er nauðsynlegt, en ekki með ágiskunum einum. Gagnrýni ætti alltaf að einkennast af siðferðilegum, pólitískum og hugmyndafræðilegum tilgangi. Hún ætti að vera í eðli sínu menntandi fyrir einstaklinginn eða heildina, hún ætti ekki að brjóta niður siðferði þess sem er gagnrýndur. Þvert á móti ætti hún að beinast að því að byggja upp siðferði hans og leiðrétta mistök hans. Að síðustu gagnrýni gagnvart þeim sem gera mistök í einkalífinu eða á vinnustað á ekki að vera ráðandi umræðuefni að því marki að það hylji, rugli eða hindri rétta lausn höfuðvandamálanna sem flokkurinn og ríkisvaldið fást við. Ég ræði þetta vegna þess að mjög oft breytast fundir í samtökum flokksins í kappræður og gagnkvæma gagnrýni að því marki, og á þann hátt, að það leiðir ekki aðeins af sér vanrækslu höfuðvandamálanna og verði skammarblettur á samtökunum heldur skaðast oft samheldni þeirra.

Við huggum okkur oft með því að segja að "þetta er ekki af pólitískum toga spunnið". Það eru mistök af okkar hálfu að meta málin svona. Málin eru pólitísk og hugmyndafræðileg í eðli sínu, einmitt vegna þess að þau orsaka deilur og sundrungu í samtökunum. Málið snýst ekki um það að halda aftur af gagnrýni gagnvart þeim sem hafa gert mistök, þeir eiga auðvitað að vera gegnrýndir á þann hátt og af þeim ástæðum sem ég nefndi áðan, en við verðum að vera á verði gagnvart gagnrýni, sem byggir á "orðrómi og söguburði", sem byggir á huglægum dómi, og gegn eyðileggjandi og andmenntandi markmiðum hennar.

Þar af leiðandi ætti flokkurinn að öðlast traustan skilning á þeim hættum sem pólitískar, hugmyndafræðilegar og skipulagslegar hliðar orðrómsins og söguburðarins hafa, til þess að hægt sé að berjast gegn þeim og það verður að berjast gegn þeim af hörku. Ef kommúnistar skilja ekki þessa hættu, ef þeir verða fórnarlömb þessara smáborgaralegu aðferða; þá munu "orðrómur og söguburður" einnig komast inn í flokkinn sem verður þá ófær um að berjast gegn þessum lesti meðal fjöldans.

Almennt séð eru það slæpingjar sem hafa þennan löst orðróms og söguburðar, en þeir eru ekki einir um það. Í fyrsta lagi munum við verða varir við þennan löst meðal þeirra ... sem hafa litinn hugmyndafræðilegan og pólitískan þroska, sem lifa innantómu menningarlífi og lifa og starfa ekki eins og ber með þeim nýju hugmyndum, sem flokkurinn og fjöldinn færa fram Sögusmettur og rógberar eru fastir í afturhaldssömum fordómum eða þeir sem geta ekki slitið sig fra frumstæðum lífs formum og gömlum siðum og venjum. Samt sem áður, þeir sem koma fram sem "nýmóðins fólk" en hverra nýsköpun er ekkert annað en úrkynjun persónulekans, eru enn hættulegri og viðsjárverðari sögu og rógberar eru einnig þess konar fólk.

12. sept. 1969 Þýð:HH



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
Þriðjudagur 28. febrúar 1978

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Óðinsgötu 1?
101 R

Hin sanna lýðræðisást Norðurlandaráðs





Anker Jørgensen og Gylfi Þ. Gíslason, skoðannabræður um „frelsi , jafnrétti og bræðralag".

Nýlokið er þingi Norðurlandaráðs. Þetta þing varð að baráttuvettvangi fyrir hinar kúguðu nýlendur danska auðvaldsins. Lögð var fram tillaga um sjálfstæða aðild Færeyinga að Norðurlandaráði , en þeir hafa undanfarin ár átt"fulltrúa" í dönsku sendinefndinni. Gæsalappirnar verðum við að setja um orðið fulltrúa , því að vera þeirra í dönsku sendinefndinni er ekki ætluð til þess að þeir geti tekið upp málefni Færeyinga á þingi Norðurlandaráðs. Þar eiga þeir aðeins að vera fulltrúar"Dana". (Færeyingar teljast þar til Danaveldis)Þetta þýðir að færeysku fulltrúarnir geta ekki tekið upp sérsjónamið Færeyinga á þinginu t.d. þeirra afstöðu til fiskveiða á Norður-Atantshafi og samskipti Færeyinga við aðrar Norðurlandaþjóðir, hvað þá að talað sé um þá menningarlegu kúgun sem danska auðvaldið stundar í Færeyjum. Dæmi um hið síðasttalda var hér nokkuð í fréttum á síðast liðnu ári. Það var þegar nokkrir nemendur í færeyska menntaskólanum mótmæltu því að þurfa að taka próf á dönsku, því að prófdómarinn skildi ekki færeysku. Tveir nemendur héldu þessu til streitu og tóku ekki próf í viðkomandi grein.

Það var athyglisvert að fylgjast með hinum "lýðræðissinnuðu" fulltrúum Norðurlandaráðs er þeir áttu að fjalla um lýðréttindi heima fyrir. Já, þá voru kröfurnar um "fullt frelsi einstaklingsins" ekki eins háværar og oft hefur heyrst frá þessu sama fólki um ástandið annars staðar í heiminum. Þó skal ekki reynt hér að sáka þessa fulltrúa um tvískinnung, því að þeir voru þar og hafa alltaf verið trúir hagsmunum sinnar auðstéttar í útlandinu sem heima fyrir. Eins og alþjóð mun nú kunnugt var tillaga um sjálfstæða aðild Færeyinga að Norðurlandaráði felld með nær öllum greiddum atkvæðum. Með aðild voru aðeins flutningsmennirnir (fulltrúarnir færeysku), einn úr íslensku sendinefndinni (Magnús Kjartansson) og fjórir af sænsku fulltrúunum (úr VPK).

Athyglisvert er að hinir kratarnir greiddu atkvæði á móti, nema fjórir meðlimir hins danska SF (lítill flokkur sem myndaðist í Danmörku á svipaðan hátt og Alþýðubandalagið hér) sátu hjá, vildi líklega halda sér á tveim stólum eins og venjulega. Annað mál sem tekið var upp hjá Erlendi Patursssyni frá Færeyjum og Magnúsi Kjartanssyni, það er kúgunin á Grænlendingum, afhjúpaði heldur betur hvaða forsendur lágu fyrir neituninni. Forsendurnar eru ekki þær að um formgalla væri að ræða á tillögunni. Formgallinn sem hér um ræðir er að í stofnsamþykkt Norðurlandaráðs stendur, að þeir einir eigi rétt á sæti í Norðurlandaráði sem séu fulltrúa sjálfstæðra þjóða. Nei, ef svo væri er ekkert annað en að breyta samþykktinni svo að hún þjóni betur þannig markmiði sínu. En, forsendurnar eru einmitt þær að með því að samþykkja Færeyinga sem sjálfstæða aðila, væri leiðin opin til beinnar aðildar fleiri þjóða að Norðurlandaráði, til dæmis Grænlendinga, Sama og Álandseyinga. Þá gætu þessar þjóðir tekið upp eigin mál á þessum vettvangi, en það var ekki tilgangurinn með stofnun Norðurlandaráðs

Kúgun danska auðvaldsins á grænlendingum er sérlega afhjúpandi, því hún er það svívirðileg.

Ýkjulaust er aðeins hægt að finna verri dæmi um kynþáttakúgun hjá fasistunum í Suður-Afríku og hjá hershöfðingjaklíkunni í Brasilíu á Indíjánum. Grænlendingar fengu þá stöðu innan danska ríkisins að verða "amt(hérað)" í Danmörku, þegar réttindamál grænlendinga voru tekin upp á vettvangi Sameinuðu Þjóðanna. Áður var staða Grænlands gagnvart Danmörku nefnd sínu rétta nafni, "dönsk nýlenda".

Ekki vantaði hástemdar

framhald á síðu 2

Stéttasamvinnan er rótgróin í Alþýðubandalaginu

Hugtakið "samvinna hefur í gegn um árin hlotið óverðskuldaðann„virðingarsess" í íslenska þjóðfélaginu og hafa sumir notað það til að reyna að sýna fram á að eitthvað sé sósíalískt sem er það ekki eða er jafnvel andstæða sósíal ismans t.d. SÍS.

Samvinna á einungis rétt á sér þegar um sameiginlega hagsmuni er að ræða og unnið er að ákveðnu takmarki.

Samvinnan sem slík er auðvitað nauðsynleg og jákvæð þegar hún fer fram við rétt skilyrði en hún getur verið bölvaldur og neikvæð séu forsendurnar fyrir henni rangar.

Verkalýðsstéttin og borgarastéttin eru tveir andstæðir pólar í þjóðfélaginu, sem eiga engra sameiginlegra hagsmuna að gæta og geta aldrei átt. Því auðstéttin lifir á því að arðræna verkalýðinn og getur ekki án vinnu hans verið en fyrir verkalýðinn er auðstéttin álíka mikilvæg eins og færilúsin er sauðkindinni.

Þess vegna er öll samvinna þessara gagnstæðu stétta til hagsbóta fyrir þá sem vilja viðhalda kyrrstæðu og óbreyttu ástandi í þjóðfélaginu

Og hverjir skyldu það nú vera sem vilja viðhalda slíku ástandi ? Jú það er hin allsráðandi stétt þeirra manna sem eiga framleiðslutækin og svo þeir sem fá kviðfylli sína úr hendi auðstéttarinnar fyrir möglunarlausa hlýðni og dygga þjónustu.

Og í hverju felst þá þessi dygga þjónusta sem gerir borgarastéttina svo ánægða að hún er tilbúin að launa hana "ríkulega"? Jú það er ef "þjónunum" tekst að auka eða margfalda á einhvern hátt gróðann af vinnu verkafólksins sem að sjálfsögðu rennur beint í vasa atvinnurekandans. Og ef "þjónunum" tekst að halda aftur af kröfum og baráttu þess fólks sem unnið hefur verðmætin og á skilið arðinn af þeim með réttu.

Af ofan greindu leiðir að öll samvinna annars vegar milli þeirra sem lifa á því að selja vinnuafl sitt og hins vegar þeirra sem vinnuaflið kaupa og hlaða þannig upp fjármagni með arðráni, er eingöngu til hagsbóta fyrir annan aðilann. Og það er sá aðilinn sem byggir tilveru sína á sínum lagalega rétti í auðvaldsþjóðfélaginu til að ræna menn arði vinnu sinnar. Rétt eins og þrælahaldarinn byggði tilveru sína á lagalegum rétti sínum í þrælaþjóðfélaginu, til að eiga með öllu þrælinn og vinnu hans.

Frelsisbarátta hinna undirokuðu hefur nú náð þeim árangri að þeir eiga nú orðið sjálfa sig, þó þeir eigi ekki vinnuafurðir sínar á yfirgnæfandi stærri hluta jarðar.

Stéttasamvinnan á Íslandi

Allt tímabilið frá því gamli Kommúnistaflokkur Íslands var lagður niður og þar til KSML var stofnað (1938-1972) hefur íslenskur verkalýður og önnur vinnandi alþýða ekki átt sér stjórnmálalegt forystu afl sem er þess albúið að leiða til sigurs baráttuna fyrir



Frá verkalýðsráðstefnu Alþýðubandalagsins.

framhald á síðu 3

Enver Hoxha

Um söguburð

(Úrdráttur úr ræðu, haldinni á fundi miðstjórnar Flokks Vinnunnar í Albaníu, um skýrslu forsætisnefndar verkalýðssamtakanna í Albaníu).

Titill ræðunnar var: Við verðum að halda áfram alhliða menntun verkalýðsstéttarinnar af harðfylgi og með vísindalegum aðferðum.

Á sama hátt og í öllu daglegu og hugmyndafræðilegu starfi sínu, og í því sem birtist í blöðum og í skýrslum sem eru afhentar, stendur flokkur okkar frammi fyrir "orðrómi og söguburði". Ég vil nú ræða um, hvað þetta er fyrir nokkuð hvaðan það kemur, fyrir hvað það stendur og hver tilgangur þess er, með það í huga að gera okkur auðveldara að berjast gegn því.

Orðrómur og söguburður eru einkenni smáborgarastéttarinnar, þeir hafa smáborgaralegt eðli; Þar af leiðandi eru þetta ljós vottur um borgaralega hugmyndafræði. Söguburður er afleiðing hughyggju og á ekkert sameiginlegt með heilbrigðri, raunsærri og uppbyggjandi gagnrýni. Þvert á móti rífur hann niður og er samsettur úr rógi, meðvituðum sem ómeðvituðum. Í flestum tilfellum á hann sér enga stoð , og jafnvel þegar einhver fótur gæti verið fyrir honum, þá verður hann eyðileggjandi sökum formsins sem hann tekur á sig og hyggjulegum dómi einstaklingsins sem túlkar vandamál, sem eiga sér ákveðinn grundvöll. Jafnvel í þess konar tilfellum eftir að hafa gengið frá munni til munns meðal margvíslegra sögusmetta, breytist hann í róg, í neikvæði. Þetta er óheiðarlegasta aðferðin sem smáborgarastéttin notar. Það eru engar grundvallarreglur ekkert heilbrigt við þessa aðferð. Í engu tilfelli er hægt að líta söguburð sem uppbyggjandi gagnrýni vegna þess að hann ruglar staðreyndum, meðvitað sem ómeðvitað, bætir við nýjum rógi, rangtúlkar og er hvíslað frá eyra til eyra að baki mönnum, skaðlegur þeim sem honum er beint gegn

Orðróm og söguburði er aldrei ætlað að leiðrétta einstaklinga eða heildina, þvert á móti valda þeir miklum skaða. Þeir sem aðhyllast þessa aðferð koma fram sem siðferðispostular vegna þess að þeir gefa söguburði sínum háleitan tilgang, en í rauninni eru það siðlausar ætlanir sökum þess að hann virtist í anda hughyggju, sökum grunnsins sem hann byggir á., sökum skipulagsformsins sem hann tekur á sig og sökum markmiðanna sem hann sækir eftir. Þeir sem nota "söguburð" sem viðtekna pólitíska aðferð(og í rauninni er hægt að nota hann á mörgum sviðum) eru sjálfir sneyddir heilbrigðum pólitískum ætlunum, vegna þess að fólk sem hefur svo hughyggjulegt sjónarmið. fólk sem leit-

framhald á síðu 3